

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á gjaldskrá nr. 446/2012**  
**fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

24. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf og námskeið í landvörslu í samræmi við 3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða til landvörslu, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera kr. 147.000.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. febrúar 2013.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*